

Alþingi
Erindi nr. P 138/576
komudagur 9.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. desember 2009

RH/SLB/038/09

Efni: Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. máí

Vísað er til tölvubrúfs dags. 5. desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið efnislega. Hins vegar mun fyrirhuguð breyting á staðgreiðslu skatta, í þá veru að innleidd verði mismunandi skattþrep eftir tekjum óhjákvæmilega hafa í för með sér töluverðan kostnað hjá stofnuninni vegna breytinga sem gera þyrfti á tölvukerfum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárveitingum til stofnunarinnar.

Þessi breyting hefur einnig í för með sér að reglur um útreikning á kostnaðarpátttöku vistmanna á dvalarheimilum verða ennþá flóknari og erfiðari í framkvæmd en nú er. Samkvæmt frumvarpinu myndi þessi útreikningur miðast við tekjur að frádreginni staðgreiðslu skatta, sem geta verið 3 þrep. Auk þess þarf að bera saman niðurstöðu útreiknings við niðurstöður útreiknings samkvæmt reiknireglum, annars vegar frá árinu 2006 og hins vegar frá árinu 2008.

Virðingarfyllt,

Sigríður Lillý Baldursdóttir
fofstjóri

Tryggingastofnun ríkisins

Laugavegi 114

150 Reykjavík

Sími: 560 4400

Bréfsími: 560 4451

tr.is

